



RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, GENF, 29. NÓVEMBER 2005

FRÉTTATILKYNNING¹

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju með fríverslunarsamninga sem tókust nýlega við Kóreu og tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU) og að viðræður skuli nú vera hafnar við Taílandinga. Þeir samþykktu jafnframt að kanna í samstarfi við Indónesíumenn hvort grundvöllur sé fyrir fríverslunarsamningi.

Haustfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarlandanna var haldinn 29. nóvember í Genf í Sviss og áttu ráðherrarnir árangursríkar viðræður um fríverslun við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins og viðskiptaviðræður á alþjóðavettvangi. Í forsæti var norskur viðskipta- og iðnaðarráðherra, Odd Eriksen. Ráðherrarnir héldu einnig fund með þingmannanefnd EFTA.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að tekist hefðu fríverslunarsamningar við Kóreu og tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU). Áformað er að samningurinn við Kóreu verði undirritaður í Hong Kong í desembermánuði. Ráðherrarnir tóku sérstaklega fram að þótt bæði EFTA-ríkin og Kórea stunduðu mikinn útflutning bættu þessi efnahagssvæði hvort annað upp með ólíkri framleiðslustarfsemi og mætti vænta mikils af þessum samningi.

Þess var getið að fríverslunarsamningurinn við SACU yrði undirritaður á næstunni, en það er fyrsti fríverslunarsamningur EFTA við Afríkuríki utan Miðjarðarhafssvæðisins. Samningurinn mun einnig stuðla að öflugri viðskipta- og efnahagstengslum milli EFTA-ríkjanna og SACU, báðum aðilum til hagsbóta, og verða mikilvægur þáttur í almennum samskiptum EFTA-ríkjanna og SACU. Ráðherrarnir lýstu þeirri von að hin nýju viðskiptatækifæri myndu efla hagvöxt og efnahagsuppbyggingu.

Ráðherrarnir ræddu fríverslunarviðræður við Kanadamenn og Egypta, sem staðið hafa um hríð, og lýstu þeirri von að hreyfing kæmist á þær innan skamms svo að unnt reyndist að leiða þær til lykta á árinu 2006. Þeir lýstu ánægju með upphaf viðræðna við Taílandinga nú í október.

Ráðherrarnir ítrekuðu að EFTA-ríkin myndu leggja sitt af mörkum til uppbyggingar fríverslunarsvæðis Evrópu- og Miðjarðarhafsríkja og lýstu ánægju með aukna útbreiðslu fríverslunarsamninga sem byggjast á samræmdri bókun um upprunareglur (Euromed).

¹ Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar.

Ráðherrarnir ræddu frumkvæði EFTA að því að fjölga enn frekar fríverslunarsamningum samtakanna. Þeir bentu á að vonir stæðu til að fríverslunarviðræður við Alsírmenn gætu hafist fljótlega. Þeir undirrituðu jafnframt yfirlýsingu um stofnun sameiginlegs starfshóps á vegum EFTA og Indónesíu til að kanna grundvöll fyrir gerð fríverslunarsamnings á næstu árum. Lokaskýrslu starfshópsins er að vænta í desember 2006.

Einnig var samþykkt að koma á og framfylgja skoðanaskiptum við mikilvæg viðskiptalönd á borð við Kína, Indland, Japan og Rússland og fylgjast með framvindu mála í samstarfslöndum á borð við Úkraínu, Samstarfsráð Persaflóaríkja og MERCOSUR.

Nýr varaframkvæmdastjóri í Genf haustið 2006

Pétur G. Thorsteinsson lætur af störfum sem varaframkvæmdastjóri EFTA í Genf á næsta ári. Ráðherrarnir skipuðu Svisslendinginn Didier Chambovey í hans stað frá 1. september 2006 að telja.